
From: Guðbjörg R Jóhannesdóttir [grj5@hi.is]
Sent: 7. maí 2012 09:04
To: Nefndasvið umsagnir
Subject: Athugasemd v. Rammaáætlunar

Alþingi
Erindi nr. P 140/2060
komudagur 7.5. 2012

Ég, Guðbjörg R. Jóhannesdóttir, geri alvarlegar athugasemdir við að jarðhitasvæðin í Reykjanesfólkvangi verði sett í nýtingarflokk Rammaáætlunar og tel að þessi svæði ættu frekar heima í verndarflokki. Reykjanesið býr yfir einstakri náttúru í túnfæti höfuðborgarbúa og Suðurnesja og verður sífellt vinsælla ferðamannasvæði. Slíkt svæði í nálægð við alþjóðaflugvöllinn getur orðið gullkista í ferðaþjónustu, auk þess sem það er mikilvægur hluti af lífsgæðum þeirra sem búa á svæðinu. Til lengri tíma litið er hægt að græða mun meira á Reykjanesinu sem Eldfjallagarði heldur en sem orkuvinnslusvæði, bæði fjárhagslega og samfélagslega. virðingarfyllt,
Guðbjörg R. Jóhannesdóttir